



Borgarráð

Tillaga sviðstjóra skóla- og frístundasviðs um breytingu á opnunartíma leikskóla Reykjavíkurborgar vegna Covid-19

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 8. september sl. var lögð fram hjálögð tillaga sviðstjóra skóla- og frístundasviðs um opnunartíma leikskóla vegna Covid-19. Tillögunni var vísað til borgarráðs þann 10. september sl.

Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar hefur því hlutverki að gegna að samhæfa aðgerðir og grípa til ráðstafana þegar almannavarnarástand skapast til að endurskipuleggja og forgangsraða lögbundinni þjónustu, samfélagslega mikilvægri starfsemi, tryggja almannaheill og lágmarka hugsanlegan samfélagslegan skaða.

Almannavarnarástand getur skapast þegar öryggi og innviðum samfélagsins er ógnað, svo sem vegna náttúruvár, þegar umhverfi og heilsu er ógnað og þegar tæknivá eða annars konar hættuástand skapast. Líkt og kunnugt er var óvissustigi almannavarna lýst yfir í lok janúar vegna Covid-19 lýst yfir í lok janúar. Þá var neyðarstjórn borgarinnar virkjuð og hefur hún starfað samfellt síðan þá, lengst af á neyðarstigi en nú á hættustigi.

Almannavarnaskipulagið leggur áherslu á að neyðarstjórnir starfi skv. einföldum boðleiðum og vel skilgreindu ákvörðunarferli því það getur skipt sköpum um árangur. Í Viðbragðsáætlun Neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar sem kynnt var í borgarráði þann 6. febrúar sl. að sé neyðarstjórn Reykjavíkurborgar virkjuð skv. fyrrgreindri áætlun kemur fram að neyðarstjórn getur gripið inn í hefðbundið skipulag og gert sértækar ráðstafanir. Neyðarstjórn verður jafnframt að vera þess bær að taka mikilvægar ákvarðanir með skjótum hætti þegar á þarf að halda. Undanfarna mánuði hefur víða þurft að gera breytingar og sóttvarnarráðstafanir í þjónustu borgarinnar og hafa þær verið unnar á ábyrgð neyðarstjórnar. Breytingar á opnunartíma eru hluti slíkra breytinga. Á hverjum tíma hefur verið lögð rík áhersla á að upplýsinga notendur þjónustunnar, starfsfólk og starfsstaði um þessar ráðstafanir og breytingar, sem og kjörna fulltrúa, borgarráð og fagráð.

Viðbragðsáætlun neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar gerir ekki ráð fyrir því að einstakar breytingar á þjónustu leiði til breytinga á reglum um þjónustuveitingu borgarinnar. Þær eru tímabundnar í eðli sínu og geta þurft að taka breytingum með skömmum fyrirvara. Því er ekki lagt til að þær breytingar sem ákveðnar hafa verið á opnuartímum leikskóla séu staðfestar í borgarráði heldur verði áfram um þær fjallað á vettvangi neyðarstjórnar og staðan endurmetin þar

reglulega í samræmi við viðbragðsáætlanir almannavarna líkt og gert er varðandi aðra þjónustu borgarinnar og breytingar á henni vegna sóttvarna.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Tillaga sviðstjóra skóla- og frístundasviðs um opnunartíma leikskóla vegna Covid-19, dags. 10. september 2020



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Tillaga um opnunartíma leikskóla vegna Covid-19

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 8. september 2020 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs þann 18. ágúst 2020:

Vegna aðstæðna er varða Covid-19 er lagt til að samþykkt verði að til 31. desember 2020 verði almennur opnunartími leikskóla Reykjavíkurborgar frá kl. 07:30 til 16:30.

Greinargerð fylgdi.

Lögð var fram svohljóðandi breytingartillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 18. ágúst 2020, ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 1. september 2020, um tillöguna:

Í ljósi þess að skipulag leikskólastarfs þarf að fara fram með breyttum hætti vegna Covid 19 er lagt til að gerðar verði ráðstafanir til að mæta þörfum þeirra foreldra sem þurfa nauðsynlega á leikskólaþjónustu að halda til kl. 17:00. Sviðsstjóra verði því falið, í samráði við leikskólastjórnendur, að koma með tillögur um hvernig megi tryggja fulla þjónustu fyrir þá foreldra sem nauðsynlega þurfa á að halda. Tillögum verði skilað svo fljótt sem verða má, enda áriðandi að hægt verði að skipuleggja skólastarf og skólasókn leikskólabarna í byrjun skólaárs.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi breytingartillögu:

Lagt er til vegna aðstæðna er varða Covid-19 að sóttvörnum vegna farsóttarinnar verði sinnt í leikskólum Reykjavíkur eftir kl. 17:00 til að komist verði hjá tímabundinni skerðingu á leikskólaþjónustu. Starfsmönnum leikskólanna gefst kostur á að bæta við sig yfirvinnu til að sinna þessum störfum. Um er að ræða tímabundið ástand eða til 31. október nk. og því ekki um umtalsverðan kostnað að ræða.

Tillagan var felld með fjórum atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn þremur atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins.

Lögð var fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs:

Vegna aðstæðna er varða Covid-19 er lagt til að samþykkt verði að til 31. október 2020 verði almennur opnunartími leikskóla Reykjavíkurborgar frá kl. 07:30 til 16:30. Eigi síðar en um miðjan október liggja fyrir mat á því hvort nauðsynlegt sé að framlengja samþykktina.

Tillagan var samþykkt með fjórum atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn þremur atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Tillögunni var vísað til borgarráðs.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Þrátt fyrir þá miklu röskun sem COVID faraldurinn hefur valdið á daglegu lífi almennings hefur góðu heilli tekist að halda úti skóla- og frístundastarfi í borginni með góðri samvinnu allra hlutaðeigandi, starfsfólks, foreldra og barna. Með því að stytta opnunartíma leikskóla um 30 mínútur á meðan þetta ástand varir hefur verið hægt að mæta kröfum sóttvarnaryfirvalda inni í leikskólum borgarinnar. Eins og allir vita fer veiran sínar eigin leiðir og breytist ástandið oft á tíðum hratt. Það er því skynsamlegt að búa svo um að hægt verði að bregðast við og gera ráðstafanir jafnt og þétt, líkt og þessi tillaga gerir ráð fyrir.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Samþykkt á tillögu meirihlutans um breyttan opnunartíma leikskóla felur í sér skerðingu á þjónustu sem hittir viðkvæma hópa illa. Þessi ákvörðun meirihlutans fer gegn hans eigin bókun frá 18. ágúst sl. þar sem segir um skóla- og frístundastarf á tímum Covid-19; „Það er einbeittur ásetningur Reykjavíkurborgar að halda úti faglegu og vönduðu skóla- og frístundastarfi í leikskólum, grunnskólum og frístund á komandi skólaári þrátt fyrir Covid-19 faraldurinn“. Einnig segir þar að „allir séu viðbúnir því að þurfa að grípa til ráðstafana þegar og ef aðstæður breytast“. Með þeirri ákvörðun sinni í dag um að draga úr þjónustu sýnir meirihlutinn að ekki fari saman mynd og hljóð. Breytingartillaga Sjálfstæðisflokks sem nú var hafnað, var lausnamiðuð og kom í veg fyrir þjónustuskerðingu. Kostnaðarmat FÁST lá fyrir, upphæð sem nemur um 8.000 kr. á barn fyrir þann tíma sem um ræðir. Öllum er ljóst að auknum sóttvörnum fylgir ákveðinn kostnaðarauki. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks telja að eðlilegra sé að forgangsraða í þágu leikskólabarna í stað gæluverkefna. Heildarkostnaður við þá lausn sem Sjálfstæðisflokkur lagði til er innan við 18 milljónir króna, sem ekki getur talist hár ef borinn er saman við endurgerð Tryggvatorgs svo dæmi sé tekið. Lausn Sjálfstæðisflokks hefði sömuleiðis falið í sér aukna tekjumöguleika fyrir starfsfólk leikskólanna sem hefði verið vel tekið á þeim erfiðu tímum sem nú eru uppi. Þjónustuskerðingin kemur illa niður á fjölmörgum fjölskyldum í borginni.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi gagnbókun:

Opnunartími leikskóla hefur verið til kl. 16.30 í Reykjavík allt frá því í mars. Það hefur verið mikilvæg forsenda þess að hægt hefur verið að halda uppi faglegu leikskólastarfi í borginni við krefjandi aðstæður. Tillagan boðar því enga breytingu hvað það varðar en


segir einfaldlega að þetta fyrirkomulag verði áfram við lýði til loka október amk. Foreldrar hafa sýnt þessu mikinn skilning. Breytingartillaga Sjálfstæðisflokksins er köld kveðja til leikskólastarfsfólks sem staðið hefur sig frábærlega við erfiðar aðstæður.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi gagnbókun:

Því fer fjarri að tillaga okkar sjálfstæðismanna feli í sér kallar kveðjur heldur þvert á móti er verið að koma til móts við starfsfólk og þarfir foreldra. Betur færi á því að meirihlutinn hefði kynnt sér tillöguna betur og litið í eigin barm varðandi sendingar á köldum kveðjum.

Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllt



Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Tillaga og greinargerð, dags. 13. ágúst 2020

Breytingartillaga Sjálfstæðisflokks frá 18. ágúst 2020

Minnisblað v/ breytingatillögu Sjálfstæðisflokks, dags. 1. september 2020

Breytingartillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 2. september 2020



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 13. ágúst 2020
SFS2020080077
188. fundur
HG/img

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Tillaga um breytingu á opnunartíma leikskóla Reykjavíkurborgar tímabundið vegna Covid-19

Vegna aðstæðna er varða Covid-19 er lagt til að samþykkt verði að til 31. desember 2020 verði almennur opnunartími leikskóla Reykjavíkurborgar frá kl. 07:30 til 16:30.

Greinargerð:

Samkvæmt reglum um leikskólaþjónustu gr. 1. b er almennur opnunartími leikskóla frá 07:30 til 17:00.

Vegna hættustigs á tímum farsóttar er talið mikilvægt að halda hólfun í leikskólunum eins og kostur er og í því sambandi er mikilvægt að allt starfsfólk sé komið til starfa klukkan 8:30 til að komast hjá blöndun hópa, ekki hvað síst starfsmanna. Jafnframt er mikilvægt að starfsfólk sinni frágangi og sóttþreinsun í lok dags og undirbúningi næsta dags eftir að börnin fara úr húsi.

Starfsmannaráymi í leikskólum eru alla jafna fremur þröng s.s. kaffistofur og undirbúningsaðstaða og til að fækka fólki í rýmnum hefur þeim tilmælum verið beint til stjórnenda að gera starfsfólki kleift að taka undirbúningstíma heima. Þess vegna er gjarnan færri fólk í húsi síðdegis en í eðlilegu árferði.

Sjálfsgagt er að bjóða þeim foreldrum barna sem skráð eru til kl 17.00 að hliðra til dvarlartíma barnanna og koma með þau hálf tíma fyrr en venjulega, ef foreldrar svo kjósa. Leikskólastjórar myndu ganga frá breytingum á dvalarsamningum í þá veru.

Rétt er að taka fram að þessi tillaga er óháð vinnu stýrihóps um umbætur og skipulag leikskólastarfs um breytingar á reglum um leikskólaþjónustu sem lagt hefur til að opnunartími leikskóla verði stytur síðdegis.

Breytingatillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 18. ágúst 2020:

Í ljósi þess að skipulag leikskólastarfs þarf að fara fram með breyttum hætti vegna Covid 19 er lagt til að gerðar verði ráðstafanir til að mæta þörfum þeirra foreldra sem þurfa nauðsynlega á leikskólaþjónustu að halda til kl. 17:00. Sviðsstjóra verði því falið, í samráði við leikskólastjórnendur, að koma með tillögur um hvernig megi tryggja fulla þjónustu fyrir þá foreldra sem nauðsynlega þurfa á að halda. Tillögum verði skilað svo fljótt sem verða má, enda áriðandi að hægt verði að skipuleggja skólastarf og skólasókn leikskólabarna í byrjun skólaárs.



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Varðandi breytingatillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi breytingu á opnunartíma leikskóla tímabundið vegna Covid-19

Á fundi skóla- og frístundaráðs 18. ágúst 2020 var lögð fram svohljóðandi breytingatillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Í ljósi þess að skipulag leikskólastarfs þarf að fara fram með breyttum hætti vegna Covid 19 er lagt til að gerðar verði ráðstafanir til að mæta þörfum þeirra foreldra sem þurfa nauðsynlega á leikskólaþjónustu að halda til kl. 17:00. Sviðsstjóra verði því falið, í samráði við leikskólastjórnendur, að koma með tillögur um hvernig megi tryggja fulla þjónustu fyrir þá foreldra sem nauðsynlega þurfa á að halda. Tillögum verði skilað svo fljótt sem verða má, enda áriðandi að hægt verði að skipuleggja skólastarf og skólasókn leikskólabarna í byrjun skólaárs.

Tillögunni var frestað.

Samráð leikskólastjóra var boðað til fjarfundar vegna breytingatillögunnar þann 31. ágúst 2020.

Á fundinum komu fram þau sjónarmið að erfitt væri að skilgreina hvaða foreldrar þyrftu „nauðsynlega á leikskólaþjónustu að halda til kl. 17:00“ og því myndi það fela í sér að leikskólarnir yrðu almennt opnir til kl. 17:00. Slíkt hefði í för með sér að sú hólfun sem búið væri að koma á myndi riðlast. Þannig yrði ekki hægt að viðhafa fulla hólfun strax að morgni þar sem hlut starfsfólks yrði ekki kominn í hús og einnig að grípa þyrfti til blöndunar hópa eftir kl. 16:30 þar sem börn sem yrðu lengur myndu safnast saman á eina eða tvær deildir.

Í dag er það verklag viðhaft að hugað er að sóttþreinsun og frágangi eftir að börn eru farin úr húsi og starfsmenn sinna því eftir kl. 16:30. Ef opið verður til kl. 17:00 þarf hluti starfsfólks að sinna þessum þrifum eftir kl. 17:00.

Þau smit sem hafa verið greind í tengslum við leikskólana núna síðustu daga og vikur hafa ekki haft í för með sér áframhaldandi smit innan leikskólanna sjálfra og það er vísbending um að verklagið sem mótað hefur verið skili þeim sóttvörnum sem stefnt var að. Breytingar á verklagi núna gæti ógnað þeim árangri.



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 2. september 2020
SFS2020080077
190. fundur
HG/img

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Breytingartillaga um breytingu á opnunartíma leikskóla Reykjavíkurborgar tímabundið vegna Covid-19

Vegna aðstæðna er varða Covid-19 er lagt til að samþykkt verði að til 31. október 2020 verði almennur opnunartími leikskóla Reykjavíkurborgar frá kl. 07:30 til 16:30. Eigi síðar en um miðjan október liggi fyrir mat á því hvort nauðsynlegt sé að framlengja samþykktina.

